



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 6. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 12. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. NÓVEMBER 2014

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 6. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, fundargerð 79. fundar skipulagsnefndar frá 6. nóvember. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Drög að fjárhagsáætlun 2015-2018. (Fyrri umræða)
2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2015.
3. Álagningarhlutfall fasteignarskatta 2015.
4. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2015.
5. Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2015.
6. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2015.
7. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2015.
8. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2015.
9. Markaðsstofa Suðurlands: Framhald samstarfssamnings.
10. Endurvinnsla á seyru. Kölkun.
11. Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeiningar vegna samninga um afnota af landi innan þjóðlendna.
12. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnbeiðni um frumvarp til laga um vegalög.
13. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnbeiðni um frumvarp til laga um framhaldsskóla, 214.mál.
14. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnbeiðni um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl.
15. Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerðum um umdæmamörk og starfsstöðvar nýrra lögregluembættis og sýslumannsembættis á Suðurlandi.
16. Tæknisvið Uppsveita. Endurskoðun samnings.
17. Klúbburinn Strókur: Styrkbeiðni.
18. Tómsundastyrkir.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

19. Veitustjórn: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.
20. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar frá 27. ágúst s.l.
21. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 15. október s.l.
22. Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 23. október s.l.
23. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 23. október s.l.
24. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 23. október s.l.
25. Umhverfisnefnd: Fundargerð 1 fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.
26. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 16. október s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

27. Fundargerð 78. fundar skipulagsnefndar frá 16. október s.l.  
Mál nr. 8: Deiliskipulagsbreyting í Ásgarði Kerlingarfjöllum.
28. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 16. október s.l.

29. Skólajónusta- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 5. fundar frá 3. september s.l.
30. Skólajónusta- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 6. fundar frá 14. október s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 485. fundar stjórnar frá 3. október.
- b. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 7. Fundar fagraðs frá 6. október s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 234. stjórnarfundar frá 6. október s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 159. fundar stjórnar frá 26. september s.l.
- e. Fagrað Tónlistarskóla Árneshvíls. Fundargerð 168. fundar fagraðs frá 1. október s.l.

**Kynningarmál:**

- f. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- g. Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2014.
- h. Sorpstöð Suðurlands: Samanburðartölur á sorpmagni 2012 og 2013.
- i. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundagerð 4. fundar vegna íþróttahúss.
- j. Mannvirkjastofnun: Gæðakerfi þjónustuaðila brunavarna.
- k. Landssamtökin Þroskahjálp. Ályktarnir fulltrúafundar.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 819. fundar stjórnar frá 24. september s.l.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 820. fundar stjórnar frá 8. október s.l.
- n. Samtök orkusveitarfélaga: Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2012 og 2013.
- o. Þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks: Útgjaldaáætlun 2015.
- p. BSRS: Yfirlýsing í tengslum við kjarasamninga 2014.
- q. Hestamannafélagið Smári: Ársskýrsla Æskulýðsnefndar 2014.
- r. Félag Tónlistarkennara: Ályktanir.
- s. Skógræktarfélag Íslands: Ályktun frá aðalfundi félagsins.
- t. Þjóðskrá Íslands: Fasteignamat.
- u. Skipulagsstofnun: Skráning skipulagsfulltrúa 2014.

**Fundir framundan:**

- v. Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum í Reykjanesbæ 14. nóvember nk.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- w. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2013.
- x. Jöfnunarstjóður sveitarfélaga: Ársskýrsla 2013.
- y. HSU: Upplýsingar um starfsseminu.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**1. Drög að fjárhagsáætlun 2015-2018. (Fyrri umræða)**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2015 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2015. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 35 milljónir frá áætlun 2014. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** lækki um 16,2 milljónir frá áætlun 2014 þar sem framlög almennt lækka eða standa í stað, nemendum í Flúðaskóla fækkar og tekjujöfnunarframlag 2014 fellur niður. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2015. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignaskattur um 1,7%. **Álagningarhlutföll** ársins 2015 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2014. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 2,8%. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og**

**lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 121,7 millj. aðallega vegna stækkunar ípróttahúss, gatnakerfis, fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og endurnýjunar bifreiðar í áhaldahúsi. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 105 millj. vegna þessara fjárfestinga. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 26,0 millj.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2015.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2015. Lagt er til að álagningin verði 14,52 % sem er sú sama og var á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

3. **Álagningarhlutfall fasteignarskatta 2015.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignarskatta fyrir árið 2015. Lagt er til að álagningarhlutfallið verði óbreytt frá fyrra ári eða í A-flokki 0,59%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2015.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið fyrir árið 2015. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. janúar 2015.

5. **Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og ípróttahús 2015.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og ípróttahús á árinu 2015. Sveitarstjórn vísar afgreiðslu málsins til næsta fundar sveitarstjórnar.

6. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2015.**

Sveitastjóri lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2015. Gert er ráð fyrir að þóknunir hækki um 2,8%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2015.**

Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2015. Gert er ráð fyrir að jafnaði 2,8% hækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjöld íbúðarhúsa verði óbeytt kr. 15.000 vegna grátunnu og kr. 5.500 vegna blátunnu sem er hækkun um 10%. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði óbreytt kr. 17.800, vegna frístundahúsa kr. 15.800 og atvinnuhúsnæðis kr. 39.700. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 2,8%. Þá er tekið upp sérstakt gjald vegna útleigu og hirðingu á blátunnukörum og blátunnugámum til bændabýla og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Hægt verði að leigja 660 lítra blátunnukar á kr. 1.500 á mánuði og 1100 lítra kar á 2.500 á mánuði og er hirðing innifalin í verðinu ef á annað borð er verið að hirða blátunnukör í íbúðarhúsnæði á sama stað. Þá verði hægt að leigja út midigáma á 12.000 á mánuði án hirðingarkostnaðar. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Umhverfisnefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

8. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2015.**

Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 2,8%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

9. **Markaðsstofa Suðurlands: Framhald samstarfssamnings.**

Oddviti kynnti framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands um þrjú ár. Gert er ráð fyrir framlag á hver íbúa verði kr. 430 á hvern íbúa. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samning við Markaðsstofu Suðurlands og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

10. **Endurvinnsla á seyru. Kölkun.**

Oddviti kynnti minnisblöð um kostnað og tillögu að skiptingu kostnaðar vegna endurvinnslu á seyru með þeim hætti að kalka hana. Um væri að ræða verkefni sem sveitarfélögin í Uppsveitum myndu standa sameiginlega að. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.

11. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeiningar vegna samninga um afnota af landi innan þjóðlendna.**

Oddviti kynnti leiðbeiningar fyrir sveitarfélög vegna samninga um afnot af landi innan þjóðlendna.

12. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um vegalög.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um vegalög. Sveitarstjórn telur mikilvægt að fjármagn fylgi þeim vegum sem færast eigi til sveitarfélaga frá Vegagerðinni og þá bæði vegna héraðsvega utan og innan þéttbýli og slík yfirfærsla, bæði á vegum og fjármagni, verði að byggjast á skriflegum samningum.
13. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um framhaldsskóla.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um framhaldsskóla,
14. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um verslun með áfengi og tóbak o.fl. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps leggst gegn breytingum á núverandi fyrirkomulagi vegna sölu á áfengi.
15. **Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerðum um umdæmamörk og starfsstöðvar nýrra lögregluembætta og sýslumannsembætta á Suðurlandi.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Innanríkisráðuneytinu um drög að reglugerðum um umdæmamörk og starfsstöðvar nýrra lögregluembætta og sýslumannsembætta á Suðurlandi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skiptingu umdæmismarkna nýrra embætta en leggur áherslu á að sama fjármagn og féll til málaflokksins af hálfu ríkisins innan þessara svæða fyrir breytinguna haldist a.m.k. óbreytt.
16. **Tæknisvið Uppsveita. Endurskoðun samnings.**  
Oddviti kynnti endurskoðaðan samstarfssamning um sameiginlegt tæknisvið Uppsveita Árnassýslu. Í samningum er gert ráð fyrir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur bætist við samstarfið. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
17. **Klúbburinn Strókur: Styrkbeiðni.**  
Oddviti kynnti bréf frá Klúbbnum Strók fyrir styrk fyrir starfsemina. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
18. **Tómstundastyrkir.**  
Oddviti kynnti tillögu Bjarneyjar um að gert verði ráð fyrir tómstundastyrkjum í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Sveitarstjórn er sammála um að æskilegt væri að geta tekið upp tómstundastyrki. Hins vegar þurfi að skoða málið í heild sinni, m.a. með hliðsjón af stuðningi sveitarfélagsins til hinnar ýmsu tómstundastarfssemi og fyrirkomulag á stuðningnum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að taka saman minnisblað um stuðning sveitarfélagsins til tómstundastarfa barna á grunnskólaaldri og skoða fyrirkomulag hjá öðrum sveitarfélögum vegna tómstundastyrkja.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

19. **Veitustjórn: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar veitustjórnar. Farið var yfir stöðuna á rekstri vatns- og fráveitu og fjárhagsáætlun 2015 kynnt, lagðar fram tillögur að gjaldskrám fyrir hitaveitu, fráveitu og vatnsveitu og lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða 2015. Þá var farið yfir stöðu mála í Ásatúni, möguleg nýting á Kópsvatnsholunni rædd og staða rannsókna á henni, farið yfir kölkun á seyru, drög að lóðaleigusamningi vegna Hitaveitu Grafarhverfis og farið yfir stöðu mála hjá Stolt Sea Farm vegna styrjueldis.  
Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 2,8% nema rúmmetragjald fyrir íbúðar- og sumarhús hækki um 1,8% en heimæðagjöld hækki ekki.  
Gjaldskrá vegna vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis verði óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 31.600 eða um 2,8%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 2,8% og verður kr. 31.600. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignamati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 2,8%.

Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis verður óbreytt kr. 52.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður hækkað um 2,8% í kr. 185.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 7.500 og hækkar um 2,8% en hreinsað verður á 3ja ára fresti. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 2,8%.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til.

**20. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar frá 27. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar nefndarinnar. Farið var yfir dagsskrá verslunarmannahelgarinnar og stöðu mála. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**21. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 15. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar ferða- og menningarnefndar. Farið var drög að fjárhagsáætlun 2015 fyrir málaflökkinn, ræddir viðburðir komandi árs, rætt um að hafa málstofu eða annað tengt Fjalla-Eyvindi og gönguferðir sumarsins 2015. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**22. Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 23. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar skólanefndar. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, fjárhagsáætlun 2015 og tillögur að gjaldskrár mótuneytis og skólasels og innleiðingu skólastefnu

Nefndin leggur til að verð á hressingu hækki úr kr. 67 í kr. 69 og skólamáltíð hækki úr kr. 310 í kr. 330 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins frá og með 1. janúar nk nema minnihluti nefndarinnar leggur til að skólamáltíðin hækki einugis um 2,8%. Þá leggur nefndin til að tímargjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 284 í kr. 292, gjald fyrir máltíð úr kr. 99 í kr. 102 frá og með 1. janúar nk. Máltíð vegna Heimalands hækkar um 6% frá og með 1. janúar 2015 úr kr. 497 í kr. 527. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina með þeirri breytingu að skólamáltíð hækki úr kr. 310 í kr. 320.

**23. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 23. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna leikskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, starfsáætlun, fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2015, innleiðingu skólastefnu og önnur mál.

Nefndin leggur til 2,8% hækkun á leikskólagjöldum frá og með 1. janúar nk., gjald fyrir hádegisverð hækki úr kr. 310 í kr. 330, morgunhressing hækki úr kr. 67 í kr. 69 og síðdegishressingu úr kr. 102 í kr. 105 allt frá og með 1. jan. n.k. nema minnihluti nefndarinnar leggur til að hádegisverður hækki einugis um 2,8%. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina með þeirri breytingu að hádegisverður hækki úr kr. 310 í kr. 320.

**24. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 23. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun 2015. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**25. Umhverfisnefnd: Fundargerð 1 fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar umhverfisnefndar. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun 2015 vegna málaflökksins, skoðuð gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2015, kölkun á seyru og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**26. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 16. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn 2015, álagning fjallskila fyrir árið 2014 rædd, farið yfir drög að landbótaráætlun, farið yfir málefni Hrunaheiða og möguleika á endurnýtingu seyru með kölkun.

Lagt var til að álagning fjallskila fyrir árið 2014 verði með þeim hætti að eigendur lögbýla greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr

kr. 75 í kr. 77. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2014 og fundargerðina að öðru leyti.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

27. **Fundargerð 78. fundar skipulagsnefndar frá 16. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 78. fundar skipulagsnefndar frá 16. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 8: Deiliskipulagsbreyting: Ásgarður Kerlingarfjöllum.**  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að endurskoða fyrri deiliskipulagsbreytingu fyrir Ásgarð í Kerlingarfjöllum með þeim hætti að gera ráð fyrir breytingu á skilmálum fyrir reit A á þann veg að skilmálar varðandi stærð, mænishæð og byggingarefni breytist. Sveitarstjórn samþykkir því að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
28. **Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 16. október s.l.**  
Oddviti lagði fram fundargerð 21. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Farið var yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2014. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
29. **Skólaþjónusta- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 5. fundar frá 3. september s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var kynning á þjónustu skóla- og velferðarþjónustu Árnespings, forstöðumaður kynnti hlutverk og verklag nefndarinnar. Þá voru fastir fundartímar ákveðnir og skipaður ritari. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
30. **Skólaþjónusta- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 6. fundar frá 14. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, forstöðumaður lagði fram tillögur að gjaldskrá og nýjum verkefnum fyrir árið 2015 og lagt fram til kynningar staða helstu málaflokka frá janúar til september 2014. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrárbreytingar sem þar koma fram.

**Önnur mál:**

31. **Fundargerð 79. fundar skipulagsnefndar frá 6. nóvember.**  
Oddviti kynnti fundargerð 79. fundar skipulagsnefndar frá 6. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. september til 5. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**  
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. september 5. nóvember.  
**Mál nr. 14: Deiliskipulagsbreyting. Ásgarður Kerlingarfjöllum.**  
Lögð var fram endurgerð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs í Kerlingarfjöllum til samræmis við fyrri samþykktir skipulagsnefndar og sveitarfélagsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir því að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnleuskra sveitarfélaga:**

- a. **SASS: Fundargerð 485. fundar stjórnar frá 3. október.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 7. Fundar fagráðs frá 6. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 234. stjórnarfundar frá 6. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 159. fundar stjórnar frá 26. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga. Fundargerð 168. fundar fagráðs frá 1. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- f. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. **Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2014.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. **Sorpstöð Suðurlands: Samanburðartölur á sorpmagni 2012 og 2013.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundagerð 4. fundar vegna íþróttahúss.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. **Mannvirkjastofnun: Gæðakerfi þjónustuaðila brunavarna.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. **Landssamtökin Þroskahjálp. Ályktarnir fulltrúafundar.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 819. fundar stjórnar frá 24. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 820. fundar stjórnar frá 8. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samtök orkusveitarfélaga: Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2012 og 2013.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. **Þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks: Útgjaldaáætlun 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. **BSRS: Yfirlýsing í tengslum við kjarasamninga 2014.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. **Hestamannafélagið Smári: Ársskýrsla Æskulýðsnefndar 2014.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. **Félag Tónlistarkennara: Ályktanir.**  
Lagt fram til kynningar.
- s. **Skógræktarfélag Íslands: Ályktun frá aðalfundi félagsins.**  
Lagt fram til kynningar.
- t. **Þjóðskrá Íslands: Fasteignamat.**  
Lagt fram til kynningar.
- u. **Skipulagsstofnun: Skráning skipulagsfulltrúa 2014.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- v. **Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum í Reykjanesbæ 14. nóvember nk.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- w. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2013.**  
Lagt fram til kynningar.
- x. **Jöfnunarstjóður sveitarfélaga: Ársskýrsla 2013.**  
Lagt fram til kynningar.
- y. **HSU: Upplýsingar um starfssemina.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:05.